

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/1361****2023/EES/40/52****frá 28. júlí 2022**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar vottunar-, eftirlits- og framfylgdarverkefni lögbærra yfirvalda við framkvæmd reglnanna varðandi fyrirtæki sem vinna við hönnun og framleiðslu loftfara sem notuð eru í sport- og tómstundaflugi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 <sup>(1)</sup>, einkum 14. og 15. mgr. 62. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um kröfur um lofthæfi- og umhverfisvottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar almenningsloftfara, sem og hreyfla, loftskrúfna og hluta sem á að setja þar upp, þ.m.t. vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja.
- 2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1358 <sup>(3)</sup> er kveðið á um einfaldar og hóflegar reglur um loftför sem notuð eru í sport- og tómstundaflugi, sem eru kostnaðarhagkvæmar og draga úr óþarfa stjórnáslu- og fjárhagslegri byrði fyrir þau fyrirtæki sem þátt eiga í hönnun og framleiðslu slíkra loftfara, en viðhalda um leið nauðsynlegu öryggisstigi.
- 3) Því ætti einnig að innleiða viðeigandi reglur varðandi verkefni lögbærra yfirvalda í tengslum við vottun, eftirlit og framfylgd til að tryggja samræmda framkvæmd einföldu og hóflegu reglnanna sem innleiddar voru fyrir loftför sem eru fyrst og fremst ætluð til sport- og tómstundaíðkunar með framseldri reglugerð (ESB) 2022/1358.
- 4) Í framseldri reglugerð (ESB) 2022/1358 er kveðið á um nægilegt umbreytingartímabil fyrir fyrirtæki, sem þátt eiga í hönnun og framleiðslu slíkra loftfara, til að tryggja að þau fari að nýju reglunum og verklagsreglunum sem innleiddar eru með þeirri reglugerð. Sama aðlögunartímabilið skal gilda að því er varðar reglur fyrir lögbær yfirvöld.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nr. 05/2021 <sup>(4)</sup> sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 127. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1358 frá 2. júní 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar framkvæmd hóflegri krafna fyrir loftför sem notuð eru í sport- og tómstundaflugi (Stjtið. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 7).

(4) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 05/2021 frá 22. október 2021, 21. hluti Light - Certification and declaration of design compliance of aircraft used for sport and recreational aviation and related products and parts, and declaration of design and production capability of organisations, <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions/opinion-052021>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka b (21. hluta Light) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. ágúst 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka b (21. hluta Light) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir 21L.1 og 21L.2 bætast við:

„21L.1 **Gildissvið**

- a) Í A-þætti þessa viðauka (21. hluta Light) eru sett ákvæði um réttindi og skyldur eftirfarandi aðila sem hafa höfuðstöðvar sínar í aðildarríki:
1. umsækjanda um vottorð og handhafa vottorðs sem gefið er út eða mun verða gefið út í samræmi við þennan viðauka,
  2. einstaklinga og lögaðila sem gefa út yfirlýsingar, í samræmi við þennan viðauka, um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, um hönnunargetu eða framleiðslugetu eða sem hyggjast gefa út slíkar yfirlýsingar,
  3. undirritunaraðila samræmisyfirlýsingar fyrir loftfar eða opinbers viðhaldsvottorðs (EASA-eyðublað nr. 1) fyrir hreyfil, loftskráfu eða hluta sem eru framleiddir í samræmi við þennan viðauka.
- b) Í B-þætti þessa viðauka eru sett ákvæði um vottun, eftirlit og framfylgd Flugöryggisstofnunarinnar og lögbærri landsyfirvalda í samræmi við þennan viðauka og settar kröfur fyrir stjórnarsýslu- og stjórnunarkerfi þeirra í tengslum við framkvæmd þessara verkefna.

21L.2 **Lögbært yfirvald**

Að því er varðar þennan viðauka telst „lögbært yfirvald“ vera:

- a) í A-kafla A-þáttar:
1. þegar um er að ræða hönnunarfyrirtæki: Flugöryggisstofnunin,
  2. þegar um er að ræða framleiðslufyrirtæki: yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir þar sem fyrirtækið hefur höfuðstöðvar sínar, eða Flugöryggisstofnunin ef ábyrgðin hefur verið flutt til Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við 64. eða 65. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139,
- b) í B-, C-, D-, E, F-, J-, K-, M-, N og Q-kafla A-þáttar: Flugöryggisstofnunin,
- c) Í G-, H-, I- og R-kafla A-þáttar: yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir þar sem fyrirtækið hefur höfuðstöðvar sínar, eða Flugöryggisstofnunin ef ábyrgðin hefur verið flutt til Flugöryggisstofnunarinnar í samræmi við 64. eða 65. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139,
- d) í P-kafla A-þáttar:
1. þegar um er ræða loftför sem eru skráð í aðildarríki: það yfirvald sem skráningaraðildarríkið tilnefnir,
  2. þegar um er að ræða óskráð loftför: það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki sem mælir fyrir um skráningarmerki,
  3. þegar um er ræða samþykki flugskeyrða sem tengjast öryggi hönnunarinnar: Flugöryggisstofnunin.“

2) Ákvæðum B-þáttar er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi A-kafla bætist við:

„A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

21L.B.11 **Eftirlitsgögn**

Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.

**21L.B.12 Upplýsingaskipti**

- a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins og Flugöryggisstofnunin skulu skiptast á þeim upplýsingum sem fást með rannsóknum og eftirliti sem þau inna af hendi í samræmi við þennan þátt og skipta máli fyrir hinn aðilann þegar hann sinnir verkefnum á sviði vottunar, eftirlits eða framfylgdar samkvæmt þessum þætti.
- b) Lögbært yfirvald aðildarríkisins og Flugöryggisstofnunin skulu samræma vörumiðaða rannsókn og eftirlit með hönnun og framleiðslu á framleiðsluvörum og hlutum samkvæmt þessum viðauka, þ.m.t. ef nauðsyn krefur, framkvæmd sameiginlegra eftirlitsheimsókna.

**21L.B.13 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar**

- a) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma alvarleg vandamál við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, innan 30 daga frá því að yfirvaldinu varð kunnugt um vandamálin.
- b) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdargerðir og framseldar gerðir hennar skal lögbært yfirvald aðildarríkisins veita Flugöryggisstofnuninni eins fljótt og auðið er allar mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi sem eiga rætur sínar að rekja til tilkynninga um atvik og eru geymdar í landsbundna gagnagrunninum, eins og tilgreint er í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014.

**21L.B.14 Lofthæfifyrirmæli sem berast frá ríkjum sem ekki eru aðildarríki**

Þegar lögbært yfirvald aðildarríkis fær lofthæfifyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi ríkis sem ekki er aðildarríki skal senda lofthæfifyrirmælin til Flugöryggisstofnunarinnar.

**21L.B.15 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

- a) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal lögbært yfirvald aðildarríkisins innleiða kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.
- b) Flugöryggisstofnunin skal innleiða kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar, sem henni berast um öryggismál og til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni, án ótilhlýðilegrar tafar, allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til og sem eru nauðsynlegar til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, aðilum eða fyrirtækjum sem heyra undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar.
- c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbært yfirvald aðildarríkisins grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á öryggisvandamálinu.
- d) Ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt c-lið í lið 21L.B.15, skulu tafarlaust tilkynntar öllum aðilum eða fyrirtækjum sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þessar ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

**21L.B.16 Stjórnunarkerfi**

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur að lágmarki:
  1. skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og leiðum til að samrýmast reglugerð (ESB) 2018/1139 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Verklagsreglurnar skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni,

2. nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum. Skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,
  3. starfsfólk sem hefur réttindi til að inna af hendi störf sem þeim eru úthlutað og hefur nauðsynlega þekkingu, reynslu, grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja áframhaldandi hæfni,
  4. viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að sinna úthlutaðum verkefnum,
  5. ferli til að vakta hlítíni stjórnunarkerfisins við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót ferli fyrir innri úttekt og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun. Hlítivöktun skal fela í sér kerfi til að veita endurgjöf um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta,
  6. einstakling eða hóp einstaklinga, sem bera ábyrgð á hlítivöktun gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.
- b) Fyrir hvert athafnasvið, þ.m.t. stjórnunarkerfið, skal lögbæra yfirvaldið tilnefna einn eða fleiri einstaklinga sem bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.
- c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum við öll önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld og veita þeim aðstoð, hvort sem það er innan aðildarríkisins eða í öðrum aðildarríkjum, þ.m.t. varðandi:
1. öll frávik sem koma upp og allar eftirfylgniaðgerðir, sem gripið er til í kjölfar eftirlits með aðilum og fyrirtækjum sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni,
  2. allar upplýsingar sem eru leiddar af skyldubundnum og valfrjálsum tilkynningum um atvik, eins og krafist er í lið 21L.A.3.
- d) Afrit af verklagsreglum sem tengjast stjórnunarkerfi lögbærs yfirvalds aðildarríkisins og öllum breytingum á þessum verklagsreglum skal gert aðgengilegt Flugöryggisstofnuninni af ástæðum er varða stöðlun.

#### 21L.B.17 Úthlutun verkefna til hæfra aðila

- a) Lögbært yfirvald getur úthlutað hæfum aðilum verkefnum sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með framleiðsluvörum eða hlutum og með einstaklingum eða lögaðilum sem heyra undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Þegar lögbæra yfirvaldið úthlutar verkefnum skal það tryggja að það hafi:
1. yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og símat á því hvort hæfi aðilinn fari að kröfum VI. viðauka, „Grunnkröfur sem gerðar eru til hæfra aðila“, í reglugerð (ESB) 2018/1139. Þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfestar,
  2. komið á skjalfestu samkomulagi við hæfa aðilann, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem tilgreint er:
    - i. verkefni sem inna á af hendi,
    - ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja á fram,
    - iii. tæknileg skilyrði, sem á að uppfylla þegar slík verkefni eru innt af hendi,
    - iv. tilheyrandi bótaábyrgð,
    - v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.

- b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að ferlið fyrir innri úttekt og ferlið fyrir stjórnun öryggisáhattu, sem gerð er krafa um í 5. lið a-liðar 21L.B.16, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun og samfelld eftirlit sem framkvæmd eru fyrir hönd hæfa aðilans.

#### 21L.B.18 **Breytingar á stjórnunarkerfinu**

- a) Lögbæra yfirvaldið skal innleiða kerfi til að greina breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt til að endurspegla tímanlega allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.
- c) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um allar breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

#### 21L.B.19 **Lausn deilumála**

Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal koma á fót ferli til að leysa deilumál innan skjalfestra verklagsreglna þess.

#### 21L.B.20 **Skráahald**

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:
1. skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,
  2. þjálfun, réttindi og heimildir starfsfólks þess,
  3. úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í 21L.B.17, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,
  4. vottunarferli vottaðra og yfirlýstra fyrirtækja og samfelld eftirlit með þeim, þ.m.t.:
    - i. umsóknir um starfsleyfi,
    - ii. yfirlýsingar um getu,
    - iii. yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar,
    - iv. áætlun lögbæra yfirvaldsins um samfelld eftirlit, þ.m.t. allar mats-, úttektar- og skoðunarskrár,
    - v. vottorðin sem gefin hafa verið út með áorðnum breytingum á þeim,
    - vi. afrit af áætluninni um samfelld eftirlit þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og lokinna úttekta,
    - vii. afrit af öllum formlegum bréfaskiptum,
    - viii. tilmæli um útgáfu eða framlengingu vottorðs eða framlengingu skráningar á yfirlýsingu, upplýsingar um frávik org aðgerðir sem fyrirtækin hafa gripið til í því skyni að ráða bót á þessum frávikum, þ.m.t. dagsetninguna sem hvert atriði er leitt til lykta, framfylgdaraðgerðir og athugasemdir,

- ix. mats-, úttektar- eða skoðunarskýrslur útgefnar af öðru lögbæru yfirvaldi,
  - x. afrit af öllum handbókum fyrirtækisins, verklagsreglum og ferlum eða handbókum og breytingum á þeim,
  - xi. afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt,
5. samræmisyfirlýsingar loftfars (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) fyrir hreyfla, loftskrúfur eða hluti sem lögbæra yfirvaldið hefur skoðað samkvæmt R-kafli við þennan viðauka.
- b) Lögbært yfirvald aðildarríkisins skal geyma eftirfarandi í skráningarkerfi sínu:
1. mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur sem lögbæra yfirvaldið notast sjálf við,
  2. upplýsingar um öryggismál í samræmi við 21L.B.13 og ráðstafanir til eftirfylgni,
  3. notkun verndarráðstafana og ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 1. mgr. 71. gr. og 4. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll vottorð sem það hefur gefið út og yfirlýsingar sem það hefur skráð.
- d) Geyma skal öll gögn, sem um getur í a-, b- og c-lið, í minnst fimm ár, sbr. þó gildandi persónuverndarlög.
- e) Allar skrár sem um getur í a-, b- og c-lið skulu gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni sé þess óskað.

#### 21L.B.21 Frávik og athugasemdir

- a) Þegar lögbært yfirvald uppgötvar við rannsókn eða eftirlit, eða með einhverjum öðrum hætti, vanefndir gagnvart viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar, verklagsreglum eða handbókum sem krafist er samkvæmt þessum reglugerðum, eða vottorði eða yfirlýsingu sem gefin er út í samræmi við þessar reglugerðir skal það, með fyrirvara um hvers konar viðbótaraðgerðir sem krafist er samkvæmt þessum reglugerðum, vekja máls á frávikinu.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal búa yfir kerfi til að greina frávik með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi.
- Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar um er að ræða verulegar vanefndir gagnvart kröfum, sem draga úr öryggi eða stofna flugöryggi í alvarlega hættu, eða, ef um er að ræða hönnunarfyrtæki, geta leitt til óstýrðra vanefnda og hugsanlegs ótryggs ástands í samræmi við 21L.B.23; fyrsta stigs frávik skulu einnig fela í sér en ekki takmarkast við eftirfarandi:
1. að láta hjá líða að veita lögbæra yfirvaldinu aðgang að aðstöðu fyrirtækisins eða einstaklingsins eða lögaðilans, eins og skilgreint er í 21L.A.10, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,
  2. að veita rangar upplýsingar eða falsa skjalfest sönnunargögn,
  3. gögn um misferli eða sviksamlega notkun á vottorði, tilkynningu eða yfirlýsingu sem gefin er út í samræmi við þennan viðauka,
  4. vöntun á ábyrgðarmanni eða yfirmanni hönnunarfyrtækisins, eftir því sem við á.

Lögbæra yfirvaldið skal gefa út annars stigs frávik þegar í ljós koma vanefndir gagnvart viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða sem samþykktar eru á grundvelli þeirra, gagnvart verklagsreglum eða handbókum sem krafist er í þessum reglugerðum eða gagnvart yfirlýsingu sem gefin er út í samræmi við þessar reglugerðir, sem flokkast ekki sem fyrsta stigs frávik.

- c) Lögbæra yfirvaldið skal gera fyrirtækinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum kunnugt um frávikið skriflega og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að takast á við þær vanefndir gagnvart kröfum sem koma í ljós.
- d) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávík skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða í samræmi við 21L.B.22 nema frávikið sé hönnunarfyrirtæki sem hefur lýst yfir hönnunargetu sinni en í slíkum tilvikum skal Flugöryggisstofnunin fyrst veita fyrirtækinu frest til að ráða bót á frávikinum sem samsvarar eðli frávíksins og skal hann aldrei vera lengri en 21 virkur dagar. Fresturinn skal hefjast frá dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar um frávikið til fyrirtækisins þar sem krafist er aðgerða til úrbóta til að bregðast við þeim vanefndum sem komu í ljós. Ef fyrsta stigs frávík tengist loftfari beint skal lögbæra yfirvaldið senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem loftfarið er skráð.
- e) Við annars stigs frávík skal lögbæra yfirvaldið veita fyrirtækinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum frest til ráða bót á frávikinum sem skal vera í samræmi við eðli frávíksins. Fresturinn skal hefjast frá dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar um frávikið til fyrirtækisins eða einstaklingsins eða lögaðilans þar sem krafist er aðgerða til úrbóta til að bregðast við þeim vanefndum sem komu í ljós. Við lok þessa tímabils og með hliðsjón af eðli frávíksins er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja tímabilið að því tilskildu að lögð hafi verið fram áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir.

Lögbæra yfirvaldið skal meta áætlunina um aðgerðir til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem fyrirtækið eða einstaklingurinn eða lögaðilinn leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að bregðast við vanefndunum.

Ef fyrirtæki, einstaklingur eða lögaðili leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða framkvæmir ekki til aðgerðir til úrbóta, innan þess tímafrests sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skal frávikið hækkað upp í fyrsta stigs frávík og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í d-lið.

- f) Ef hvorki er um að ræða fyrsta né annars stigs frávík er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera athugasemdir vegna þeirra tilvika:
1. fyrir hverja einingu sem hefur verið metin óskilvirk,
  2. þegar í ljós kemur að eining getur hugsanlega orsakað vanefnd gagnvart kröfum eða
  3. þegar tillögur eða úrbætur skipta máli fyrir heildaröryggisframmistöðu fyrirtækisins.

Athugasemdirnar, sem eru lagðar fram samkvæmt þessum lið, skulu tilkynntar fyrirtækinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum skriflega og skráðar af lögbæru yfirvaldi.

## 21L.B.22 Framfylgdarráðstafanir

a) Lögbæra yfirvaldið skal:

1. ógilda vottorð tímabundið ef lögbæra yfirvaldið telur gildar ástæður vera fyrir því að slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir trúverðuga ógn við öryggi loftfara,
2. gefa út lofthæfifyrirmæli að uppfylltum skilyrðunum í 21L.B.23,
3. ógilda tímabundið, afturkalla eða takmarka vottorð ef slíkrar aðgerðar er krafist skv. d-lið 21L.B.21,
4. fella tímabundið úr gildi eða afturkalla lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð þegar skilyrðin, sem tilgreind eru í b-lið 21L.B.163, eru uppfyllt,
5. fella hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð tímabundið úr gildi eða afturkalla það þegar skilyrðin, sem tilgreind eru í b-lið liðar 21L.B.173, eru uppfyllt,

6. grípa til tafarlausra og viðeigandi aðgerða, sem nauðsynlegar eru til að takmarka eða banna starfsemi fyrirtækis eða einstaklings eða lögaðila, telji lögbæra yfirvaldið að gildar ástæður séu fyrir því að slíkar aðgerðir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir trúverðuga ógn við öryggi loftfara,
  7. takmarka eða banna starfsemi fyrirtækis eða einstaklings eða lögaðila sem hefur lýst yfir getu sinni til að hanna eða framleiða framleiðsluvörur eða hluta í samræmi við A-þátt eða sem gefur út samræmisyfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) í samræmi við R-kafla A-þáttar þessa viðauka samkvæmt d-lið 21L.B.21,
  8. ekki skrá yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar svo lengi sem frávik úr fyrstu eftirlitsrannsókninni eru enn óleyst,
  9. afskrá tímabundið eða varanlega yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar eða yfirlýsingu um getu skv. d-lið 21L.B.21,
  10. grípa til frekari framfylgdarráðstafana sem eru nauðsynlegar til að tryggja að bundinn sé endir á vanefndir á því að farið sé að grunnkröfunum sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139 og ákvæðum þessa viðauka og, ef nauðsyn krefur, ráða bót á afleiðingum þess.
- b) Þegar lögbært yfirvald grípur til framfylgdarráðstöfunar í samræmi við a-lið skal það tilkynna viðtakanda um það, tilgreina ástæður fyrir því og upplýsa viðtakanda um rétt hans til áfrýjunar.

#### 21L.B.23 Lofthæfifyrirmæli

- a) Lofthæfifyrirmæli merkir skjal, sem Flugöryggisstofnunin gefur út eða samþykkir, þar sem mælt er fyrir um aðgerðir sem framkvæma þarf á loftfari til að koma aftur á viðunandi öryggi þegar ljóst er að annars kunni öryggi loftfarsins að vera stefnt í hættu.
- b) Flugöryggisstofnunin skal gefa út lofthæfifyrirmæli:
  1. þegar Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað að ástand loftfars sé ótryggt vegna annmarka á loftfarinu eða hreyfli, loftskrífu eða hlut, sem settur hefur verið í loftfarið og
  2. þegar líklegt er að ástandið sé fyrir hendi eða muni þróast í öðrum loftförum.
- c) Lofthæfifyrirmæli skulu innihalda að lágmarki upplýsingar sem tilgreina:
  1. ótrygga ástandið,
  2. viðkomandi loftfar,
  3. þá aðgerð eða aðgerðir sem krafist er,
  4. frestinn til að framkvæma þá aðgerð eða aðgerðir sem krafist er,
  5. gildistökudaginn.

#### 21L.B.24 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem má nota til að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmda-rgerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar.
- b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við þessa reglugerð.
- c) Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Flugöryggisstofnunina um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem einstaklingar eða lögaðilar undir þeirra eftirliti nota til að staðfesta hlítmi við þessa reglugerð.“

d) Eftirfarandi G-, H- og I-kaflar bætast við:

„G-KAFLI — YFIRLÝST FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

**21L.B.141 Fyrsta eftirlitsrannsókn**

- a) Við móttöku yfirlýsingar frá fyrirtæki um framleiðslugetu skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um:
1. að skýrslugjafi teljist hæfur til gefa út yfirlýsingu um framleiðslugetu sína í samræmi við 21L.A.122,
  2. að yfirlýsingin innihaldi allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í c-lið 21L.A.123 og
  3. að yfirlýsingin innihaldi ekki upplýsingar sem gefa til kynna vanefnd gagnvart kröfum G-kafla A-þáttar þessa viðauka.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar, þ.m.t. úthlutun sérstaks tilvísunarnúmers fyrir yfirlýsta framleiðslufyrirtækið til skýrslugjafans.

**21L.B.142 Skráning yfirlýsingar um framleiðslugetu**

Lögbært yfirvald skal skrá yfirlýsingu um framleiðslugetu í viðeigandi gagnagrunn, þ.m.t. yfirlýst verksvið, að því tilskildu að:

- a) skýrslugjafinn hafi gefið út yfirlýsingu um getu sína í samræmi við 21L.A.123,
- b) skýrslugjafinn hafi skuldbundið sig til að uppfylla skyldurnar í samræmi við 21L.A.127,
- c) engin óleyst atriði séu eftir í samræmi við 21L.B.141.

**21L.B.143 Eftirlit**

- a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa eftirlit með yfirlýsta framleiðslufyrirtækinu í því skyni að sannprófa að yfirlýsta framleiðslufyrirtækið uppfylli stöðugt viðeigandi kröfur A-þáttar og að gerðar séu öryggisráðstafanir sem mælt er fyrir um í samræmi við c- og d-lið 21L.B.15.
- b) Eftirlitið skal fela í sér skoðun á fyrsta hlut/búnaði allrar nýrrar hönnunar á loftfari, hreyfli, loftskrúfu eða hlut, sem er framleidd í fyrsta sinn og eins og ákvarðað er í eftirlitsáætluninni í samræmi við 21L.B.144, skoðanir á nýjum loftföllum, hreyflum, loftskrúfum og hlutum sem eru framleidd af yfirlýstu framleiðslufyrirtæki.

**21L.B.144 Eftirlitsáætlun**

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun til að fara að lið 21L.B.143. Í þessari eftirlitsáætlun skal tillit tekið til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er og niðurstaðna úr fyrri vottunar- og/eða eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á tengdum áhættuþáttum. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:
  1. mat, úttektir og skoðanir, þ.m.t. eftir því sem við á:
    - i. mat á stjórnunarkerfum og úttektir á ferlum,
    - ii. úttektir á viðeigandi úrtaki framleiðsluvara og hluta sem falla undir verksvið fyrirtækisins,
    - iii. úrtakskönnun á unnu verki og
    - iv. fyrirvaralausar eftirlitsúttektir,
  2. fundi sem boðaðir eru á milli ábyrgðarmanns og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um öll mikilvæg atriði.

- b) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir þær dagsetningar sem mat, úttektir, skoðanir og fundir eiga að fara fram á og hvenær slíkt mat, úttektir, skoðanir og fundir fóru í raun fram.
- c) Nota skal eftirlitslotu sem er ekki lengri en 24 mánuðir.
- d) Þrátt fyrir c-lið má framlengja eftirlitslotuna að hámarki í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á næstliðnum 24 mánuðum komist að raun um:
  - 1. að fyrirtækið hafi sýnt fram á að það geti með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,
  - 2. að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á hlítu við ákvæði liðar 21L.A.128 og að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum á framleiðslustjórnunarkerfinu,
  - 3. að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,
  - 4. að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, eins og skilgreint er í 21L.B.21.
- e) Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotuna aftur að hámarki upp í 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við skilyrðin í d-lið, komið á fót skilvirku kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs og lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt þetta kerfi.
- f) Styttu má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.
- g) Við lok hverrar eftirlitslotu skal lögbæra yfirvaldið gefa út skýrslu, sem endurspeglar niðurstöður eftirlitsins, með tilmælum um framlengingu á starfsemi yfirlýsta framleiðslufyrirtækisins á grundvelli framleiðslugetu þess.

#### 21L.B.145 Eftirlitsstarfsemi

- a) Þegar lögbært yfirvald sannprófar að yfirlýst framleiðslufyrirtæki uppfylli kröfur í samræmi við 21L.B.143 og eftirlitsáætlunina, sem komið er á fót í samræmi við 21L.B.144, skal það:
  - 1. leiðbeina starfsfólki sem ber ábyrgð á eftirliti um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,
  - 2. framkvæma mat, úttektir, skoðanir og, ef þörf er á, fyrirvaralausar eftirlitsúttektir,
  - 3. afla nauðsynlegra sönnunargagna ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem kveðið er á um í 21L.B.21 og 21L.B.22,
  - 4. upplýsa yfirlýsta framleiðslufyrirtækið um niðurstöður úr eftirlitsstarfsemi.
- b) Ef yfirlýst framleiðslufyrirtæki er með aðstöðu í fleiri en einu ríki getur lögbæra yfirvaldið, eins og það er tilgreint í 21L.2, samþykkt að eftirlitsverkefni séu framkvæmd af lögbæru yfirvaldi eða lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu eða aðildarríkjunum þar sem önnur aðstaða er staðsett eða af Flugöryggisstofnuninni þegar um er að ræða aðstöðu sem er staðsett í ríki sem ekki er aðildarríki. Öll yfirlýst framleiðslufyrirtæki, sem heyra undir slíkt samkomulag, skulu upplýst um tilvist þess og umfang.
- c) Hvað varðar eftirlitsstarfsemi sem lögbært yfirvald framkvæmir í aðstöðu, sem staðsett er í öðru aðildarríki en því þar sem fyrirtækið er með höfuðstöðvar sínar, skal lögbæra yfirvaldið upplýsa lögbært yfirvald í því aðildarríki áður en það fer á staðinn til að framkvæma úttekt eða skoðun á aðstöðunni.

- d) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast nauðsynlegar til að framkvæma eftirlit.
- e) Ef lögbæra yfirvaldið uppgötvar vanefnd yfirlýsta framleiðslufyrirtækisins gagnvart viðeigandi kröfum A-þáttar og framkvæmd öryggisráðstafana, sem eru fyrirskipaðar í samræmi við c- og d-lið 21L.B.15, skal lögbæra yfirvaldið grípa til aðgerða í samræmi við 21L.B.21 og 21L.B.22.

#### 21L.B.146 **Breytingar á yfirlýsingum**

- a) Við móttöku tilkynningar um breytingar í samræmi við 21L.A.128 skal lögbæra yfirvaldið sannreyna að tilkynningin sé fullnægjandi í samræmi við 21L.B.141.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra eftirlitsáætlun sína, sem komið er á fót í samræmi við 21L.B.144, og kanna hvort nauðsynlegt sé að ákvarða skilyrði fyrir því að fyrirtækið megi starfa meðan á breytingunni stendur.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra skrána þegar breytingarnar hafa áhrif á einhvern þátt yfirlýsingarinnar sem er skráð í samræmi við 21L.B.142.
- d) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur lokið þeim aðgerðum, sem krafist er samkvæmt a- til c-lið, skal það senda staðfestingu um móttöku tilkynningarinnar til yfirlýsta framleiðslufyrirtækisins.

#### H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

#### 21L.B.161 **Rannsókn**

- a) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal útbúa verklagsreglur fyrir rannsóknir sínar sem taka a.m.k. til eftirfarandi þátta:
  - 1. mats á hæfi umsækjanda,
  - 2. mats á skilyrðum fyrir umsókninni,
  - 3. flokkun lofthæfivottorða,
  - 4. mats á skjölum sem berast með umsókninni,
  - 5. skoðana á loftförum,
  - 6. ákvörðunar nauðsynlegra skilyrða eða takmarkana á vottorði.
- b) Við móttöku umsóknar um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins sannprófa hvort loftfarið sé innan þess gildissviðs sem kveðið er á um í 21L.A.141.
- c) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal framkvæma rannsókn sem er nægilega ítarleg til að rökstyðja tilmæli um útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun lofthæfivottorðs eða takmarkaðs lofthæfivottorðs. Við framkvæmd rannsókna í tengslum við útgáfu lofthæfivottorðs eða takmarkaðs lofthæfivottorðs fyrir nýlega framleitt loftfar skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins meta þörfina á því að framkvæma ástandsskoðun á loftfarinu til að tryggja samræmi og öryggi flugs áður en lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð er gefið út. Matið skal taka tillit til eftirfarandi:
  - 1. niðurstöðu lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins eða lögbærs yfirvalds sem hefur eftirlit með fyrirtækinu eða einstaklingnum eða lögaðilanum sem framleiddi viðkomandi loftfar, ef hann er ekki sá sami, úr ástandsskoðun á fyrsta hlut/búnaði framleiðsluvörunnar í endanlegri útfærslu hennar, sem framkvæmd er í samræmi við b-lið 21L.B.143 eða b-lið 21L.B.251,

2. hversu langt er liðið frá því að lögbært yfirvald skráningaraðildarríkis fyrirtækisins eða einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem framleiddi loftfarið, framkvæmdi síðustu ástandsskoðun á loftfarinu,
3. niðurstöðu úr eftirliti, sem framkvæmt var samkvæmt G-kafla þessa viðauka eða samkvæmt G-kafla B-þáttar í I. viðauka (21. hluta) af fyrirtækinu sem gefur út samræmisýfirlýsingu fyrir loftfarið eða sannpröfun, sem fer fram samkvæmt R-kafla A-þáttar þessa viðauka, á öðrum samræmisýfirlýsingum (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinberum viðhaldsvottorðum (EASA-eyðublað nr. 1) sem sami undirritunaraðili gaf út,
4. hversu langt er liðið frá síðustu eftirlitsheimsókn fyrirtækisins samkvæmt G-kafla þessa viðauka eða G-kafla B-þáttar í I. viðauka (21. hluta) eða frá síðustu sannpröfun á samræmisýfirlýsingu samkvæmt R-kafla A-þáttar þessa viðauka (EASA-eyðublað nr. 52B) eða á opinberu viðhaldsvottorði (EASA-eyðublað nr. 1) sem sami undirritunaraðili gaf út.

#### 21L.B.162 Útgáfa eða breyting á lofthæfivottorði og takmörkuðu lofthæfivottorði

- a) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út eða breyta lofthæfivottorði (EASA-eyðublað nr. 25, sjá VI. viðbæti við I. viðauka (21. hluta)) án ótilhlýðilegrar tafar þegar umsækjandinn hefur lagt fram þau gögn sem gerð er krafa um í 21L.A.143 og uppfyllir skyldurnar í 21L.A.144 og þegar það hefur gengið úr skugga um:
  1. að því er varðar ný loftför, að loftfarið og hreyfill þess og loftskrúfa, ef við á, samræmist hönnun sem hefur verið samþykkt í samræmi við B-kafla þessa viðauka og sé í öruggu rekstrarástandi,
  2. að því er varðar notuð loftför:
    - i. að loftfarið, hreyfill þess og loftskrúfa, ef við á, samræmist tegundarhönnun sem samþykkt er í samræmi við B-kafla þessa viðauka og viðbótartegundarvottorði, breytingu eða viðgerð sem samþykkt er í samræmi við D-, E- eða M-kafla þessa viðauka,
    - ii. að farið hafi verið eftir viðeigandi lofthæfifyrirmælum og
    - iii. loftfarið og hreyfill þess og loftskrúfa, ef við á, hafi verið skoðað í samræmi við I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- b) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út eða breyta takmörkuðu lofthæfivottorði (EASA-eyðublað nr. 24B, sjá I. viðbæti) án ótilhlýðilegrar tafar þegar umsækjandinn hefur lagt fram þau gögn sem gerð er krafa um í 21L.A.143 og uppfyllir skyldurnar í 21L.A.144 og þegar það hefur gengið úr skugga um:
  1. fyrir ný loftför, að loftfarið og hreyfill þess og loftskrúfa, ef við á, samræmist hönnun loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla A-þáttar þessa viðauka, sem Flugöryggisstofnunin skráir í samræmi við 21L.B.63 þegar umsóknin er lögð fram og sé í öruggu rekstrarástandi,
  2. að því er varðar notuð loftför:
    - i. að loftfarið og hreyfill þess og loftskrúfa, ef við á, samræmist hönnun loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla A-þáttar þessa viðauka og sem Flugöryggisstofnunin skráir í samræmi við 21L.B.63 þegar umsóknin er lögð fram ásamt öllum breytingum á hönnun eða hönnun viðgerðar, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við F- eða N-kafla A-þáttar þessa viðauka, sem Flugöryggisstofnunin hefur skráð í samræmi við 21L.B.122 eða 21L.B.222 eða sem skýrslugjafi hefur skráð í samræmi við c-lið 21L.A.105,

- ii. að farið hafi verið eftir viðeigandi lofthæfifyrirmælum og
  - iii. að loftfarið hafi verið skoðað í samræmi við I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- c) Þrátt fyrir a- og b-lið 21L.B.162 skal lögbært yfirvald nýja skráningaraðildarríkisins, að því er varðar notað loftfar sem er upprunnið í öðru aðildarríki, gefa út lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð þegar umsækjandinn hefur lagt fram þau gögn sem krafist er skv. b-lið 21L.A.145 og þegar það hefur gengið úr skugga um að umsækjandinn uppfylli ákvæði a-liðar 21L.A.144.
- d) Auk viðeigandi lofthæfivottorðs, sem vísað er til í a- eða b-lið, fyrir nýtt loftfar eða notað loftfar sem er upprunnið í ríki sem er ekki aðildarríki, skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins gefa út:
- 1. fyrsta lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15a, sjá II. viðbæti) fyrir loftför, sem heyra undir I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,
  - 2. fyrsta lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15c, sjá II. viðbæti) fyrir ný loftför, sem heyra undir V. viðauka b (ML-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014,
  - 3. fyrsta lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15c, sjá II. viðbæti) fyrir notuð loftför, sem eru upprunnin í ríki sem er ekki aðildarríki og heyra undir V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, þegar lögbært yfirvald hefur staðfest lofthæfi.
- e) Lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Aðeins lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins má breyta því.

#### 21L.B.163 Eftirlit

- a) Þegar sannað þykir að brotið hafi verið gegn einhverju skilyrðanna fyrir útgáfu lofthæfivottorðs eða takmarkaðs lofthæfivottorðs eða að handhafi uppfylli ekki viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar eða viðeigandi kröfur tegundarhönnunar eða viðeigandi hönnunargagna loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur eða handhafi uppfylli ekki kröfur um áframhaldandi lofthæfi, skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins gefa út frávik í samræmi við 21L.B.21.
- b) Þegar tegundarvottorðið, sem lá til grundvallar útgáfu lofthæfivottorðs, er fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað eða það fellt úr gildi á annan hátt í samræmi við 21L.A.30 eða yfirlýsingin um að hönnunarkröfur séu uppfylltar sem takmarkaða lofthæfivottorðið var gefið út samkvæmt er ekki lengur skráð í samræmi við 21L.B.63, skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins grípa til aðgerða í samræmi við 21L.B.22.

#### I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

#### 21L.B.171 Rannsókn

- a) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal útbúa verklagsreglur fyrir rannsóknir sínar sem taka a.m.k. til eftirfarandi þátta:
- 1. mats á hæfi umsækjanda,
  - 2. mats á skilyrðum fyrir umsókninni,
  - 3. mats á skjölum sem berast með umsókninni,
  - 4. skoðana á loftförum.

- b) Við móttöku umsóknar um hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins sannprófa hvort loftfarið sé innan þess gildissviðs sem kveðið er á um í 21L.A.161.
- c) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal framkvæma rannsókn varðandi umsækjanda um hljóðstigsvottorð eða handhafa hljóðstigsvottorðs eða takmarkaðs hljóðstigsvottorðs sem er nægilega ítarleg til að rökstyðja tilmæli um útgáfu, viðhald, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun vottorðsins.

#### 21L.B.172 Útgáfa eða breyting á hljóðstigsvottorðum

- a) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út eða breyta hljóðstigsvottorðum (EASA-eyðublað nr. 45, sjá VII. viðbæti við I. viðauka (21. hluta) og takmörkuðum hljóðstigsvottorðum (EASA-eyðublað nr. 45B, sjá II. viðbæti) án ótilhlýðilegrar tafar þegar umsækjandinn hefur lagt fram þau gögn sem gerð er krafa um í 21L.A.163 og þegar hann hefur gengið úr skugga um að loftfarið sé í samræmi við viðeigandi hljóðstigsupplýsingar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðeigandi kröfur um hljóðstig.
- b) Að því er varðar notuð loftför, sem eru upprunnin í öðru aðildarríki, skal gefa út hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð með hliðsjón af samsvarandi gögnum sem finna má í gagnagrunni Flugöryggisstofnunarinnar um hávaðastig.
- c) Gefa skal út hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð með ótakmarkaðan gildistíma. Aðeins lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins má breyta því.

#### 21L.B.173 Eftirlit

- a) Þegar sannað þykir að brotið hafi verið gegn einhverju skilyrðanna fyrir útgáfu hljóðstigsvottorðs eða takmarkaðs hljóðstigsvottorðs eða að handhafi uppfylli ekki viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar eða viðeigandi kröfur tegundarhönnunar eða viðeigandi hönnunargagna loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins gefa út frávik í samræmi við 21L.B.21.
- b) Þegar tegundarvottorðið, sem hljóðstigsvottorðið var gefið út samkvæmt, er felld úr gildi tímabundið eða afturkallað eða það felld úr gildi á annan hátt í samræmi við 21L.A.30, eða yfirlýsingin um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem takmarkaða hljóðstigsvottorðið var gefið út samkvæmt er ekki lengur skráð í samræmi við 21L.B.63, skal lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins grípa til aðgerða í samræmi við 21L.B.22.“
- c) Eftirfarandi P-kafla bætist við:

„P-KAFLI — FLUGLEYFI

#### 21L.B.241 Rannsóknir áður en flugleyfi er gefið út

- a) Með fyrirvara um P-kafla B-þáttar I. viðauka (21. hluta) skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, við rannsókn umsóknar um flugleyfi fyrir loftfar, sem heyrir undir gildissvið þessa viðauka, framkvæma ástandsskoðun á loftfarinu og ganga úr skugga um að loftfarið samræmist hönnuninni sem skilgreind er í 21.A.708 í I. viðauka (21. hluta) fyrir flug ef umsóknin um flugleyfi tengist:
  - 1. starfsemi þar sem sýnt er fram á hlítni við kröfur eins og um getur í 21L.A.25 fyrir loftfar sem er tegundarvottað eða fyrirhugað er að verði tegundarvottað,
  - 2. starfsemi þar sem sýnt er fram á hlítni við kröfur eins og um getur í 21L.A.44 fyrir loftfar sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur eða fyrirhugað er að lýsa því yfir.

- b) Að því er varðar allar aðrar beiðnir um útgáfu flugleyfa fyrir starfsemi og loftför innan gildissviðs þessa viðauka skal lögbært yfirvald meta þörfina á ástandsskoðun í samræmi við 21.B.520 í I. viðauka (21. hluta).
- c) Ef lögbæra yfirvaldið finnur gögn sem gefa til kynna að loftfarið samræmist ekki hönnuninni sem skilgreind er í 21.A.708 í I. viðauka (21. hluta) skal það vekja máls á fráviki í samræmi við 21L.B.21.

#### 21L.B.242 Rannsókn áður en flugskilyrði eru gefin út

- a) Með fyrirvara um P-kafla B-þáttar I. viðauka (21. hluta) skal Flugöryggisstofnunin, þegar hún rannsakar umsókn um samþykki flugskilyrða fyrir loftfar:
  - 1. framkvæma þýðingarmikla hönnunarúttekt og framkvæma ástandsskoðun og mat á loftfarinu til að tryggja að loftfarið sé fært um að stunda öruggt flug og að flugprófanir séu öruggar, ef umsóknin um flugskilyrði tengist starfsemi þar sem sýnt er fram á hlítu við kröfur í 21L.A.25 vegna loftfars sem er tegundarvottað eða fyrirhugað er að verði tegundarvottað,
  - 2. framkvæma ástandsskoðun og mat á loftfarinu til að tryggja að loftfarið sé fært um að stunda öruggt flug og að hægt sé að framkvæma flugprófanir með öruggum hætti, ef umsóknin um flugskilyrði tengist því að sýnt sé fram á hlítu við kröfur í 21L.A.44 að því er varðar loftfar sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur eða fyrirhugað er að lýsa því yfir,
  - 3. ákvarða þörfina á því að framkvæma raunverulega ástandsskoðun og mat á loftfarinu og þýðingarmikla hönnunarúttekt á loftfarinu til að tryggja að loftfarið sé fært um að stunda öruggt flug og að hægt sé að framkvæma flugprófanir með öruggum hætti, ef umsóknin um flugskilyrði tengist hlítuáðgerðum sem varða meiri háttar breytingar í 21L.A.66, viðbótartegundarvottorð í 21L.A.85 eða meiri háttar viðgerð í 21L.A.206, á grundvelli mats sem framkvæmt er í 21L.B.83, 21L.B.102 og 21L.B.203,
  - 4. ákvarða þörfina á því að framkvæma ástandsskoðun og mat á loftfarinu til að tryggja að loftfarið sé fært um að stunda öruggt flug og að flugprófanir geti farið fram með öruggum hætti ef umsóknin um flugskilyrði tengist hlítuáðgerðum sem varða meiri háttar breytingar í 21L.A.108 eða meiri háttar viðgerðir í 21L.A.227, á grundvelli matsins sem framkvæmt er í 21L.B.121 og 21L.B.221.
- b) Finni Flugöryggisstofnunin sönnunargögn sem gefa til kynna að loftfarið gæti verið ófært um að stunda öruggt flug skal hún vekja máls á fráviki í samræmi við 21L.B.21.“

d) Eftirfarandi R-kafla bætist við:

„R-KAFLI — SAMRÆMISYFIRLÝSING FYRIR LOFTFAR OG OPINBER VIÐHALDSVOTTORÐ (EASA-EYÐUBLAÐ 1) FYRIR HREYFLA OG LOFTSKRÚFUR OG HLUTA ÞEIRRA SEM SAMRÆMAST YFIRLÝSINGU UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLLTAR

#### 21L.B.251 Eftirlit

- a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa eftirlit með einstaklingnum eða lögaðilanum sem gefur út samræmisyfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) samkvæmt R-kafla A-þáttar þessa viðauka í því skyni að sannprófa að einstaklingurinn eða lögaðilinn haldi áfram að uppfylla viðeigandi kröfur A-þáttar og að gerðar séu öryggisráðstafanir sem gefin hafa verið fyrirmæli um samkvæmt ákvæðum c- og d-liðar 21L.B.15.

- b) Eftirlitið skal fela í sér skoðun á fyrsta hlut/búnaði í öllum nýjum loftförum, hreyflum, loftskrúfum eða hlutum, sem eru framleidd í fyrsta sinn og sem einstaklingurinn eða lögaðilinn hefur gefið út samræmisyfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) fyrir og, eins og ákvarðað er í eftirlitsáætluninni í samræmi við lið 21L.B.252, skoðun á öðrum loftförum, hreyflum, loftskrúfum og hlutum sem þessi einstaklingur eða lögaðili framleiðir.

#### 21L.B.252 Eftirlitsáætlun

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun til að tryggja hlítni við 21L.B.251. Í þessari eftirlitsáætlun skal tillit tekið til sérstaks eðlis fyrirtækisins, einstaklingsins eða lögaðilans, þess hve flókin starfsemi þeirra er og niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á tengdum áhættuþáttum. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:
1. mat, úttektir og skoðanir, þ.m.t. eftir því sem við á:
    - i. mat á framleiðslustýringarkerfi og úttektir á ferlum,
    - ii. úttektir á viðeigandi úrtaki framleiðsluvara og hluta sem falla undir verksvið einstaklingsins eða lögaðilans,
    - iii. úrtakskönnun á unnu verki og
    - iv. fyrirvaralausar eftirlitsúttektir,
  2. fundi sem boðaðir eru á milli einstaklingsins eða lögaðilans og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um öll mikilvæg atriði.
- b) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir þær dagsetningar sem mat, úttektir, skoðanir og fundir eiga að fara fram á og hvenær slíkt mat, úttektir, skoðanir og fundir fóru í raun fram.
- c) Nota skal eftirlitslotu sem er ekki lengri en 24 mánuðir.
- d) Þrátt fyrir c-lið má framlengja eftirlitslotuna að hámarki í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á næstliðnum 24 mánuðum komist að raun um:
1. að einstaklingur eða lögaðili hafi sýnt fram á að þeir geti með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,
  2. að einstaklingur eða lögaðili hafi stöðugt sýnt fram á hann uppfylli ákvæði 21L.A.273 og að hann hafi fulla stjórn á öllum breytingum á stjórnunarkerfi framleiðslunnar,
  3. að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,
  4. að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, eins og skilgreint er í 21L.B.21.
- e) Þrátt fyrir c-lið má framlengja eftirlitslotuna aftur að hámarki upp í 48 mánuði ef einstaklingurinn eða lögaðilinn hefur, til viðbótar við skilyrðin í d-lið, komið á fót skilvirku kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni einstaklingsins eða lögaðilans sjálfs og lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt þetta kerfi.
- f) Styttu má lengd eftirlitslotunnar ef gögn liggja fyrir um að öryggisframmistaða einstaklingsins eða lögaðilans hafi versnað.
- g) Við lok hvernar eftirlitslotu skal lögbæra yfirvaldið gefa út skýrslu, sem endurspeglar niðurstöður eftirlitsins, með tilmælum um framlengingu á starfsemi einstaklingsins eða lögaðilans.

**21L.B.253 Eftirlitsstarfsemi**

- a) Þegar lögbært yfirvald sannreynir að einstaklingurinn eða lögaðilinn uppfylli kröfur í samræmi við 21L.B.251 og eftirlitsáætlunina sem komið er á í samræmi við 21L.B.252, skal það:
  1. leiðbeina starfsfólki sem ber ábyrgð á eftirliti um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,
  2. framkvæma mat, úttektir, skoðanir og, ef þörf er á, fyrirvaralaugar eftirlitsúttektir,
  3. afla nauðsynlegra sönnunargagna ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem kveðið er á um í 21L.B.21 og 21L.B.22,
  4. upplýsa einstaklinginn eða lögaðilann um niðurstöður úr eftirlitsstarfseminni.
- b) Ef einstaklingurinn eða lögaðilinn er með aðstöðu í fleiri en einu ríki getur lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í 21L.2, samþykkt að eftirlitsverkefni séu í höndum lögbærs yfirvalds eða lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu eða aðildarríkjunum þar sem aðstaðan er staðsett eða Flugöryggisstofnunarinnar þegar um er að ræða aðstöðu sem staðsett er í ríki sem ekki er aðildarríki. Allir einstaklingar eða lögaðilar, sem heyra undir slíkt samkomulag, skulu upplýstir um tilvist þess og umfang.
- c) Hvað varðar eftirlitsstarfsemi sem lögbært yfirvald framkvæmir í aðstöðu sem staðsett er í öðru aðildarríki en því þar sem einstaklingurinn eða lögaðilinn er með höfuðstöðvar sínar, skal lögbæra yfirvaldið upplýsa lögbært yfirvald í því aðildarríki áður en það fer á staðinn til að framkvæma úttekt eða skoðun á aðstöðunni.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast nauðsynlegar til að framkvæma eftirlit.
- e) Verði lögbæra yfirvaldið vart við vanefndir einstaklings eða lögaðila, sem gefur út samræmis-yfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1), á kröfum A-þáttar og framkvæmd öryggisráðstafana, sem eru fyrirskipaðar í samræmi við c- og d-lið 21L.B.15, skal lögbæra yfirvaldið grípa til ráðstafana í samræmi við 21L.B.21 og 21L.B.22.“